

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 136/549**  
**komudagur 16.12.2009**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., 218. mál.**

Neytendasamtökin mótmæla þeirri hækkun nefskatts sem boðuð er með c-lið 3. gr. frumvarpsins, en þar er gert ráð fyrir að gjald þetta hækki úr 14.580 kr., eins og gert er ráð fyrir í nágildandi lögum, og í 17.900 kr. Fallist er á að væntanlega verður Ríkisútvarpið fyrir tekjuskerðingu verði frumvarp þetta að lögum en samtökin mótmæla því að þeirri skerðingu verði velt beint yfir á heimili landsins, sem standa frammi fyrir nægum vandræðum fyrir, en tekið er fram í athugasemdum við ákvæðið að hækkun gjaldsins taki mið af því sjónarmiði að skapa svigrúm fyrir minni tekjur félagsins á auglýsingamarkaði. Telja Neytendasamtökin að vinna verði upp það tekjutap með öðrum hætti en hér er lagt til, t.a.m. með hagræðingu í rekstri.

Þá vilja Neytendasamtökin minna á umsögn sína um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, dags. 20. febrúar 2006, en þar segir m.a. eftirfarandi:

„Neytendasamtökin hafa fjallað ítarlega um hvernig rétt sé að standa að fjármögnun Ríkisútvarpsins Það er skoðun Neytendasamtakanna að upphæð nefskatts sem kynnt er í frumvarpinu sé mjög há og komi illa við mörg heimili þar sem stálpaðir unglingar eða ungt fólk búa enn í foreldrahúsum. Neytendasamtökin minna á að skylduáskrift að Ríkisútvarpinu með afnotagjöldum hefur reynst óvinsæl hjá mörgum. Hætt er við að nefskattur sem er jafn hár og frumvarpið gerir ráð fyrir verði ekki síður óvinsæll. Neytendasamtökin mæla því með að skoðað verði hvort ekki eigi að flétta saman mismunandi fjármögnunarleiðum, þ.e. nefskatti sem yrði lægri en fram kemur í frumvarpinu og fjárveitingum sem ákveðnar yrðu af Alþingi auk auglýsinga og kostunar.

Neytendasamtökin setja í þessu samhengi fram þá spurningu hvort ekki beri að skoða þá leið varðandi tekjur af auglýsingum og kostun, að sett verði ákvæðið þak á

þessar tekjuleiðir og sem miðist við að skapa einingu um þennan þátt í starfsemi Ríkisútvarpsins. Ljóst er að Ríkisútvarpið er stórtækur aðili á auglýsinga- og kostunarmarkaði á sviði ljósvakamiðla.“

Neytendasamtökin telja, þrátt fyrir þær breytingar sem boðaðar eru með nýju frumvarpi, mörg þessara sjónarmiða enn eiga við. T.a.m. má reikna með því að námsmenn í mennta- eða háskóla, sem vinna með námi og búa í foreldrahúsum, verði krafðir um greiðslu þessa nefskatts (enda tekjumörkin, 1.080.067 kr., ekki ýkja há), og þar með verði útgjöld heimilanna vegna Ríkisútvarpsins hærra en nú er og á það enn frekar við verði boðuð hækkun að veruleika.

Að öðru leyti gera samtökin ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,  

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir